

Sæll vertu.

Takk fyrir spjallið í dag. Við viljum sækja um starf hjá ykkur í sumar. Okkur líst vel á þetta allt saman.

Okkar plan væri að opna kaffiþjónustu til hliðar við Þjórsárstofu auk þess að sjá um tjaldsvæðið. Við höfum lengi verið í kaffihúsabransanum og myndum leggja okkur fram til þess að gera staðinn huggulegan. Við höfðum hugsað okkur að bjóða upp á kaffi og meðdí, heimabakaðar kökur og hugmyndir voru á lofti um að elda súpu til að bjóða gestum.

Við myndum leggja okkur fram við að halda tjaldsvæðinu hreinu og fínu. Við höfðum einnig hugmynd um að byggja skýli sem fólk getur notað til þess að elda og borða.

Við værum hinsvegar til í að ræða launamál aðeins betur.

Hlökkum til að heyra frá ykkur.

Bestu kveðjur, Birgir Sigurjón og Loftur Einarsson.